

Aðalfundur Foreldrafélags Vatnsendaskóla

Þriðjudaginn 31. maí 2022 kl. 17:15 - 19:00

Fundur haldinn að hótél Kríunesi. Jóhanna María Kristjánsdóttir fundarstjóri setti fundinn og stakk upp á Ragnhildir Helgadóttur formanni foreldrafélags sem ritara og er það samþykkt.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf:

1. Skýrsla stjórnar

Ragnhildur formaður flutti skýrslu stjórnar.

Annað árið í röð setur Covid faraldurinn svip sinn á foreldrastarfið. Lagt var upp með fjölbreyttra dagskrá veturinn 2021-2022 en fljótlega varð ljóst að allt skólastarf myndi raskast vegna covid. Svo varð að nánast allir viðburðir á haustönn voru felldir niður. Foreldrafélagið ákvað þess í stað að styrkja árganga um kr. 1000 á nemanda til að standa fyrir bekkjarstarfi. Á vorönn breyttust tímar og mögulegt var að halda úti nokkrum viðburðum. Viðburðir á vegum foreldrafélagsins starfsárið 2021-2022 voru; Rafrænt fræðsluerindi um Samfélagsmiðla í samvinnu við skólann, páskabingó, hjóladagur og framundan er vorhátíð. Auk þess gaf félagið kennurum og starfsfólki skólans þakklætisgjöf. Önnur umfjöllunaratriði í skýrslu stjórnar voru foreldrarölt, samstarf við Dimmu og fundur vegna vorhátíðar.

Skýrsla stjórnar samþykkt.

2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Eiríkur Magnús Jensson gjaldkeri lagði fram og skýrði reikninga. Fjárhagsleg staða félagsins er mjög góð.

Reikningar samþykktir.

3. Félagsgjöld ákveðin

Lagt til og samþykkt að árgjald til foreldrafélagsins verði óbreytt kr. 3.500 kr. á fjölskyldu. Gjaldið verði innheimt með kröfu í heimabanka sbr undanfarin ár.

4. Stjórnarkjör

Kjörnir í stjórn:

Ásta Gunnarsdóttir
Elín Sigurðardóttir
Gerður Hlín Eggertsdóttir
Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir
Jóhanna María Kristjánsdóttir
Sigríður Sóley Hafliðadóttir

Til vara Þórey Huld Jónsdóttir og tengiliður stjórnar við Skólaráð. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi.

5. Fulltrúar foreldra í Skólaráði kjörnir

Ekki var kosið í skólaráð að þessu sinni þar sem allir fulltrúar foreldra voru kosnir á síðasta aðalfundi til tveggja ára:

Aðalmenn:

Jóna M. Harðardóttir

Þórey Huld Jónsdóttir

Varamenn:

Úlfur Blandon

Ragnhildur Helgadóttir

6. Fulltrúi Vatnsendaskóla í Samkóp

Stjórnin mun tilnefna fulltrúa skólans í Samkóp á fyrsta stjórnarfundinum.

7. Önnur mál

Rætt um styrk eða gjöf til skólans. Fundarmenn sammála um að styrkur verði að nýtast öllum nemendum skólans t.d standa fyrir einhverju extra, umfram hefðbundið skólastarf. Sem dæmi var nefnt að fá listamenn í skólann til skemmtunar sbr JóiPj&Króli á vorhátíð.

Umræða um mikilvægi þess að einn fulltrúi í skólaráði sitji einnig í stjórn foreldrafélags. Skólaráð er tenging foreldra við stjórn skólans en auk skólastjóra sitja í ráðinu fulltrúar foreldra, starfsfólks og nemenda. Tilgangurinn er að setja stefnu og mynda skólabrag sem byggir á góðu samstarfi heimila og skóla og að gera góðan skóla betri.

Nokkur umræða um mikilvægi þess að þekkingu sem áunnist hefur í starfi stjórnar og fjáröflunarnefndar 10.bekkjar verði bókfærð í handbók. Lagt til að ný stjórn skrái verkferla í handbók sem nýtist komandi stjórnnum og nefndum.

Einnig var rætt um foreldrarölt og þörf á að endurskoða fyrirkomulag. Í ljósi sögunnar er mesta þörf fyrir foreldrarölt á haustin og vorin.

Fráfarandi stjórnarmönnum voru þökkuð góð störf með dynjandi lófaklappi.

Ný stjórn skoðar ofangreind mál á næsta skólaári.

Fleira ekki bókað – fundi slitið kl. 19:00.

Fundaritari Ragnhildur Helgadóttir